





























Skjárinn

Á GXP2124 símanum birtast ýmsar upplýsingar á skjánum og hann er notaður til að velja valmöguleika og breyta stillingum. Mismunandi tákn birtast á skjánum eftir því hvort síminn er í notkun eða ekki. Hér er listi yfir þær upplýsingar sem sjást á skjánum þegar síminn er ekki í notkun.

Upplýsingar á skjá

Dagsetning og tími	Sýnir dag og tíma. Hægt er að samstilla þessar upplýsingar við tímabjóna á Internetinu.
Lógó	Sýnir lógó fyrirtækisins. Því er hægt að breyta með skjástillingum á XML formi.
Staða netsins	Sýnir stöðu netsins á skjánum miðjum. Ef netið er niðri eða verið að ræsa það sést það hér.
Staða	Sýnir stöðu símans hvað varðar skráningu, gerð símtals og fleira. Sjá lista yfir tákn sem kemur hér á eftir.
Staða línu	Sýnir hvaða SIP áskrift er virk.
Hnappar undir skjá (þegar síminn er ekki í notkun)	<p>Hnapparnir undir skjánum hafa mismunandi virkni eftir því hvað verið er að gera í símanum. Venjulega eru þeir stilltir svona þegar síminn er ekki í notkun:</p> <ul style="list-style-type: none">• SwitchSCR - Lætur nokkrar síður birtast til skiptis á skjánum: Venjulegur skjár, veðurupplýsingar, verðbréfaupplýsingar og gjaldeyrisupplýsingar.• ForwardAll - Lætur öll símtöl í línu 1 flytjast í annan síma.• MissedCalls - Sýnir símtöl sem ekki hefur verið svarað.• Redial - Hringir í síðasta númer sem hringt var í úr símanum. <p>Athugið!</p> <p>Ef XML forrit er í notkun er einn af hnöppunum undir skjánum stilltur til að opna XML forritið þegar síminn er ekki í notkun.</p>
Hnappar undir skjá (þegar síminn er í notkun)	<p>Hnapparnir undir skjánum hafa mismunandi virkni eftir því hvað verið er að gera í símanum.</p> <ul style="list-style-type: none">• Redial - Hringir í síðasta númer sem hringt var í úr símanum þegar símtólinu hefur verið lyft.• Dial - Notaður til að hringja út þegar símtólinu hefur verið lyft og númer valið.• Hold - Til að setja símtal á bið.• AnswerCall - Til að svara þegar síminn hringir.• RejectCall - Til að hafna símtali þegar síminn hringir.• EndCall - Til að skella á.• Transfer - Eftir að ýtt er á TRAN hnappinn og númer valið birtist Transfer möguleikinn. Veldu Transfer til að flytja símtalið.• Split - Þegar síminn er stilltur á sjálfvirkan flutning geturðu valið Split þegar seinna símtalið er hafið til þess að hætta við flutning og fara aftur í venjulegt símtal.• ConfCall - Tengir virk símtöl saman í símafund.• ReConf - Opnar símafund aftur eftir að símtöl hafa verið sett á bið.

Tákn á skjá

	<p>Ónáðið ekki</p> <p>Af - Ónáðið ekki óvirkt Á - Ónáðið ekki virkt</p>		<p>Símtól</p> <p>Af - Símtól er á Á - Símtól er ekki á</p>
	<p>Öll símtöl flutt</p> <p>Af - Flutningur óvirkur Á - Flutningur virkur</p>		<p>Hátalari</p> <p>Af - Slökkt á hátalara Á - Kveikt á hátalara</p>
	<p>Símtöl flutt þegar síminn er á tali</p> <p>Af - Flutningur þegar síminn er á tali óvirkur Á - Flutningur þegar síminn er á tali virkur</p>		<p>Höfuðtöl</p> <p>Af - Höfuðtöl ekki tengt Á - Höfuðtöl tengt</p>
	<p>Símtöl flutt þegar ekki er svarað</p> <p>Af - Flutningur þegar ekki er svarað óvirkur Á - Flutningur þegar ekki er svarað virkur</p>		<p>Úthringing</p> <p>Verið er að hringja úr símanum</p>
	<p>Öll símtöl flutt og símtöl flutt þegar ekki er svarað</p> <p>Af - Fastur flutningur og flutningur þegar ekki er svarað óvirkur Á - Fastur flutningur og flutningur þegar ekki er svarað virkur</p>		<p>Innhringing</p> <p>Síminn er að hringja</p>
	<p>Hnappaborð læst</p> <p>Af - Hnappaborð er opið Á - Hnappaborð er læst</p>		<p>Hringt var í símann</p> <p>Þetta símtal barst úr öðrum síma</p>
	<p>Slá inn lykilmúmer hnappaborðs</p>		<p>Hringt var úr símanum</p> <p>Þetta símtal var hringt úr þessum síma</p>
	<p>Talhólf</p> <p>Af - Engin talskilaboð Á - Ný talskilaboð</p>		<p>Símtal brást</p> <p>Ekki tókst að hringja</p>
	<p>Snarskeyti</p> <p>Af - Ekkert nýtt snarskeyti Á - Nýtt snarskeyti</p>		<p>SRTP öryggi</p> <p>Af - SRTP er ekki í notkun Á - SRTP er í notkun</p>
	<p>Snarskeyti og talhólf</p> <p>Af - Engin talskilaboð og ekkert snarskeyti Á - Ný talskilaboð og snarskeyti</p>		<p>Slökkt á hljóðnema</p> <p>Af - Hljóðnemi í gangi Á - Slökkt á hljóðnema, það heyrst ekki í þér</p>
	<p>Netstaða</p> <p>Af - Netið er uppi Á - Netið er niðri</p>		<p>Símtal á bið</p>
	<p>Símtöl sem ekki hefur verið svarað</p> <p>Af - Engum símtölum ósvarað Á - Símtölum ósvarað</p>		<p>Símtal í gangi</p>
	<p>Að vista símtöl</p> <p>Af - Ekki verið að skrá símtal Á - Verið er að skrá símtal í minni</p>		<p>Símafundur</p>
	<p>Bið á meðan síminn vinnur</p> <p>Biða þarf eftir að síminn klári aðgerð áður en hnappaborð er notað</p>		<p>Afritun</p> <p>Hægt er að sækja afrit á vefsíðu símans, undir Status page</p>

Hnappar á hnappaborði

Línuhnappar

Opna línu eða skipta um línu



Hringja/Endurval

- Að hringja: Sláðu inn númer og ýttu svo á hnappinn til að hringja.
- Að hringja aftur í síðasta númer: Ýttu á hnappinn án þess að velja nokkuð annað.



Flutningur - Flytur símtal í annað númer.



Fundur - Opnar símafund.



Slökkt á hljóðnema - Valið til að slökkva á hljóðnemanum og kveikja á honum aftur.



Höfuðtöl - Valið til að svara eða leggja á þegar höfuðtöl er í notkun. Með hnappnum er einnig hægt að skipta á milli höfuðtöls og hátalara.



Talhólf - Valið til að heyra talskilaboð.




Símaskrá - Valið til að opna símaskrána.



Hátalari - Valið til að kveikja og slökkva á hátalaranum.



Styrkstíllir - Þessi hnappur hækkar og lækkar hljóðið með - og +.



Örvahnappar / Aðalvalmynd

Örvahnapparnir eru notaðir til að færa sig upp, niður, til vinstri og hægri í valmyndinni.

Hringhnappurinn í miðjunni er MENU hnappur sem opnar aðalvalmynd þegar síminn er ekki í notkun

Þegar aðalvalmyndin er opin er MENU notaður sem staðfestingarhnappur.

0 – 9, *, #

Tölur



Fjölnotahnappar

Hnappastillingar

Hægt er að stilla fjölnotahnappana sem hraðval, bið, flutning eða annað.

Að hringja

Símtól, hátalari og höfuðtöl

Á GXP2124 er hægt að skipta á milli þess að nota símtólið, hátalara eða höfuðtöl meðan á símtalinu stendur. Ýttu á hátalarahnappinn  til að skipta yfir í hátalarann, höfuðtölshnappinn  til að skipta yfir í höfuðtöl og hnappinn undir símtólinu til að skipta yfir í að nota símtólið.

Margar SIP áskriftir og línur

Á GXP2124 er hægt að hafa allt að fjórar SIP áskriftir í einu, hverja með sinn SIP þjón, notendaaðgang og NAT stillingar. Hver línuhnappur er stilltur þannig að hann tengist einni SIP áskrift.

Þegar símtólinu er lyft og línuhnappur valinn heyrst sónn. Til að hringja skaltu velja línuna sem þú vilt. Þá kviknar grænt ljós við hliðina á þeim hnappi. Hægt er að skipta um línu með því að velja annan línuhnapp áður en númerið er slegið inn.

Dæmi: Ef tvær SIP áskriftir eru virkar á símanum mun ljós kvikna hjá línuhnappi 1 þegar ýtt er á hann. Ef línuhnappur 2 er valinn, kviknar ljós þar og símtalið fer í gegnum SIP áskrift númer tvö.

Þegar hringing berst í tiltekinn SIP notanda í símanum, kemur hún á þeirri línu sem við á svo fremi sem hún sé laus. Ef hún er í notkun berst símtalið á næstu línu og þá blikkar rautt ljós við þá línu. Línan er virk þegar hún er í notkun og ljósið við hana er rautt.

Að hringja

Það eru nokkrar leiðir til að hringja úr GXP2124:

- Velja númer fyrst
- Sláðu númerið inn.
 - Síðan er hægt að:
 - taka upp símtólið,
 - ýta á hátalarahnappinn,
 - ýta á höfuðtölshnapp með höfuðtöl í sambandi eða
 - velja lausa línu.
- Nú hringir síminn út.

Velja númer eftir á

- Fyrst er hægt að:
 - taka upp símtólið,
 - ýta á hátalarahnappinn,
 - ýta á höfuðtölshnapp með höfuðtöl í sambandi eða
 - velja lausa línu.
- Nú heyrst sónn.
- Sláðu númerið inn.
- Veldu SEND eða # til að hringja.

Hringja aftur í síðasta númer

- Fyrst er hægt að:
 - taka upp símtólið,
 - ýta á hátalarahnappinn,
 - ýta á höfuðtölshnapp með höfuðtöl í sambandi eða
 - velja lausa línu.
- Veldu svo SEND eða REDIAL til að hringja.

Hringja í númer sem áður hefur verið notað

- Veldu MENU til að fá fram aðalval.
- Veldu Call History.
- Þar geturðu valið um
 - Answered Calls,
 - Missed Calls,
 - Transferred Calls og
 - Forwarded Calls.
- Notaðu örvarnar til að finna númerið.
- Veldu SEND til að hringja.

Hringja í númer úr símaskrá

- Veldu MENU til að fá fram aðalval.
- Veldu Phonebook.
- Notaðu örvarnar til að finna tengilið. Ýttu á MENU til að velja hann.
- Notaðu örvarnar til að finna Dial möguleikann.
- Ýttu á MENU til að hringja.

Að nota línuhnappana sem flýtihnappa

- Farðu inn á vefsíðu símans.
- Veldu þar Basic Settings.
- Veldu Speed Dial þar sem boðið er upp á að velja Key Mode fyrir línuhnapp, Line Key.
- Sláðu inn upplýsingar um úr hvaða síma á að hringja og nafn og símanúmer þess sem flýtihnappurinn á að hringja í.
- Ýttu á Update hnappinn neðst á síðunni.
- Nú geturðu hringt beint í númerið sem þú skráðir með línuhnappnum.

Að nota línuhnappana til að hringja til baka

- Farðu inn á vefsíðu símans.
- Veldu þar Basic Settings.
- Veldu Call Return þar sem boðið er upp á að velja Key Mode fyrir línuhnapp, Line Key.
- Sláðu inn upplýsingar um úr hvaða síma á að hringja.
- Nú geturðu notað línuhnappinn til að hringja beint í það númer sem var síðast hringt í þig úr.

Að hringja í símboða eða kallkerfi

- Fyrst er hægt að:
 - taka upp símtólið,
 - ýta á hátalarahnappinn,
 - ýta á höfuðtólshnapp með höfuðtól í sambandi eða
 - velja lausa línu.
- Þegar þú heyrir sön skaltu ýta á MENU. Þá breytast skilaboðin á skjánum úr Dialing í Paging.
- Sláðu númerið inn.
- Veldu svo SEND eða # til að hringja.

Athugið!

Eftir að númer er valið bíður síminn eftir staðfestingu í fjórar sekúndur. (Þennan tíma má stilla.)
Veljið SEND eða # til að hefja símtalið áður en tíminn er útrunninn, annars þarf að byrja upp á nýtt.

Ef slegið er inn númer eftir að símtóli er lyft virkar SEND hnappurinn sem staðfesting en ekki til
að hringja aftur í síðasta númer.

Síminn er stilltur þannig að hægt er að nota hvort sem er SEND eða # til að staðfesta. Hægt er að
afturkalla þessa stillingu fyrir # með því að fara á vefsíðu símans og velja No þar sem boðið er upp
á stillinguna Use # as Dial Key.